


Alþingi  
Erindi nr. P 136/542  
komudagur 16.12.2008



BANDALAG ÍSLENSKRA LISTAMANNA  
FEDERATION OF ICELANDIC ARTISTS

Menntamálanefnd Alþingis

Reykjavík, 15. desember 2008

**Málefni: Framkomið frumvarp um auglýsingar í Ríkisútvarpinu**

Þar sem frestur til að skila athugasemdum er svo stuttur sem raun ber vitni kjósum við að takmarka athugasemdir okkar við einn afmarkaðan þátt frumvarpsins, nánar tiltekið 4. gr. þar sem fjallað er um a) hlutfall auglýsinga í dagskrá og b) kostun á dagskrá.

Varðandi fyrri liðinn hljóttum við að lýsa yfir efasemdum um að markmiðið náist, þ.e. eins og segir í skýringum að: “Með því að takmarka svigrúm Ríkisútvarpsins á auglýsingamarkaði er stefnt að því að treysta rekstur sjálfstætt starfandi fjölmiðla og stuðla að sem fjölbreyttustu fjölmiðlaumhverfi á Íslandi.”

Stærð og vægi RÚV eru þess eðlis að varla er raunhæft að yfirfæra megi það auglýsingamagn sem RÚV kann að láta af hendi til annarra stöðva. Afleiðingin yrði einfaldlega samdráttur í auglýsingum með tilheyrandi atvinnumissi og þekkingarsóun.

Varðandi lið b er lýtur að kostun á dagskrá teljum við nauðsynlegt að lögin heimili kostun á innlendu dagskrárefni. Færa má rök fyrir því að fátt sé mikilvægara á þeim tímum sem nú standa yfir en öflug dagskrárgerð um hvaðeina sem á landsmönnum brennur og því beri að forðast að leggja steina í götu þessa eina sameiginlega fjölmiðils landsmanna.

Virðingarfyllst,  
fyrir hönd.stjórnar BÍL

Ágúst Guðmundsson  
forseti BÍL